

The logo for HST (Høgskolen i Sør-Trøndelag) is rendered in a bold, white, italicized sans-serif font. The letters are thick and closely spaced, with a slight slant to the right. The background is a solid blue color with a subtle diagonal gradient.

**75. ÅRSÞING
ÞINGGERÐ**

**Þinggerð 75. ársþings KSÍ,
haldið rafrænt, 27. febrúar 2021**

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til 75. ársþings KSÍ. Þingið hófst á stuttu myndbandi til minningar um þau sem fallið hafa frá á síðastliðnu ári. Að því loknu voru sýndar svipmyndir frá knattspyrnuárinu 2020 í stuttu myndbandi.

Því næst fór Klara yfir fyrirkomulag kosninga á þinginu en kosning var með öðru sniði í ljósi þess að 75. ársþing KSÍ var rafrænt.

A Kosning um þau málefni sem áður hefur verið kosið um með handauppréttingum, svo sem sæti þingforseta, þingritara, kjörnefnd, kjörbréfanefnd og skipan í nefndir, sé nú framkvæmd þannig að þingfulltrúum sé boðið að kveðja sér hljóðs á spjallþræði þingsins og gera athugasemdir um málefnið.

Þingfulltrúum verða gefnar 30 sekúndur til þess að kveðja sér hljóðs. Ef engar athugasemdir eru gerðar við málefnið, þá er litið svo á að tillaga um skipan eða tillaga um viðkomandi málefni sé samþykkt.

Kveði þingfulltrúar sér hljóðs og fari fram á rafræna kosningu um málefnið þá skal þingforseti verða við því.

B Þá er lagt til að kosningar um eftirtalin málefni verði framkvæmd með rafrænum og skriflegum hætti á kosningavef Advania.

Um ræðir skýrslu stjórnar og reikninga og tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum.

Þingfulltrúum gafst tækifæri til að gera athugasemdir. Engar athugasemdir bárust.

Framkvæmdastjóri KSÍ bar því næst fyrirkomulag þingsins og lögmæti þess upp til staðfestingar í samræmi við lög KSÍ.

Fyrirkomulag og lögmæti 75. ársþings KSÍ var samþykkt með 91 atkvæði gegn tveimur.

Guðni Bergsson, formaður KSÍ, setti 75. ársþing KSÍ og mælti svo:

Kæru félagar og þing-gestir

Forseti ÍSÍ, formaður UMFÍ, þingfulltrúar og áhorfendur allir - Dear delegates from FIFA and UEFA, welcome to our General Assembly.

Kæru gestir velkomin á þetta 75. ársþing KSÍ sem er rafrænt að þessu sinni. Það er engu að síður gott að vita af ykkur öllum þarna með okkur í dag en þvílíkt ár sem við höfum upplifað saman.

En hvað er það sem situr eftir þegar horfir til betri vegar. Er það ekki sú staðreynd að við erum samfélag sem á endanum byggir á samvinnu og samtakamætti þegar kemur að því að fást við áskoranir sem mæta okkur. Við stöndum og vinnum saman þegar á reynir í okkar fámenna samfélagi. En í fámenninu okkar liggur einmitt styrkur og samkennd sem er svo dýrmæt.

Og það reyndi svo sannarlega á okkur á síðasta ári í fótboltanum. Við leystum þær áskoranir að mestu leyti en þurftum samt að segja leik lokið fyrir en við vildum. Við urðum að takast á við stöðuna sem kom upp en það hjálpaði að hafa sett reglugerð um þá sviðsmynd sem birtist okkur. Það voru ekki allir sáttir en það var kannski óumflýjanlegt í þeirri stöðu sem við fundum okkur í. En við horfum nú fram á veginn

Ég vil þakka öllum þeim fjölmörgu sem komu að mótahaldinu síðasta árið við þessar erfiðar aðstæður, leikmönnum, þjálfurum, forsvarsmönnum, dómurum, sjálfböðaliðum, stuðningsmönnum, skipuleggjendum og samtarfsaðilum. Vel gert hjá ykkur öllum.

Í kjölfarið á mótinu hóf svo starfshópur um breytingu á mótahaldi Pepsi Max deildar karla vinnu sína. Fyrir liggur spennandi tillaga um breytingu á keppnisfyrirkomulagi Pepsi Max deildar karla. Fleiri tillögur hafa síðan komið fram en vonandi náum við að sættast um eina tillögu á þinginu með þeirri tillitssemi og málamiðlun sem við þurfum að sýna í málum sem þessum.

En við ætlum líka að skoða aðrar deildir, bæði karla og kvenna með mögulegri fjölgun liða eða umspili og bikarkeppni neðri deilda eins og fram kemur í ályktun sem liggur fyrir þinginu. Við gætum því séð verulegar breytingar á mótahaldi okkar á næstu tveimur árum og spennandi tíma framundan í íslenskum fótbolta.

Umræðan hefur annars aukist undanfarið um afreksstarfið í fótboltanum. Við þurfum að finna gott jafnvægi á milli grasrótar- og afreksstarfsins og við getum bætt okkur á afrekssviðinu í samanburði við aðrar þjóðir. Með nýju knattspyrnusviði innan KSÍ höfum við verið að leita leiða til þess að bæta okkar afreksstarf bæði innan sambandsins og með félögunum sem hafa einnig verið að rýna og bæta afreksstarf sitt.

Auknar mælingar og greiningar hafa verið gerðar og umræðan tekin með yfirþjálfurum félaganna og forsvarsmönnum þeirra. Einnig höfum við bætt við æðstu þjálfaragráðu UEFA, UEFA Pro Licence, í okkar námskeiðahald sem er mikið framfaraspor.

Ný framsækin afreksstefna KSÍ var síðan kynnt nýverið sem mun verða okkar leiðarvísir innan KSÍ og nýttast vonandi sem flestum.

Eftir sem áður verður það ávallt okkar markmið að allir okkar iðkendur njóti sín burtséð frá getustigi. Gleymum því aldrei. Fótboltinn er fyrir alla.

Ég horfi því fram á jákvæða þróun í þessum efnum á næstu árum og að íslenskur fótbolti muni verða betri og samkeppnishæfari fyrir vikið með samstilltu átaki félaganna og KSÍ.

Þessu tengdu höfum við síðastliðin 2 ár farið í mikla vinnu í greiningu á stöðu kvennaboltans. Afrakstur þeirrar vinnu liggur nú fyrir í skýrslu sem mun gagnast okkur vel við að byggja upp og bæta kvennaknattspyrnuna í landinu. Við viljum fyrst og fremst meiri þátttöku sem flestra kvenna á öllum sviðum fótboltans ásamt því að bæta sem mest alla þjálfun og aðbúnað sem snýr að kvennafótboltanum.

En víkjum þá að landsliðunum okkar. Síðasta ár var viðburðaríkt hjá landsliðunum. Við komumst á tvenn stórmót með kvennalandslíði okkar á EM og U-21 karla á EM. Frábær árangur hjá þessum tveimur liðum. Kvennalandslíðið náði sínum besta árangri í sögu riðlakeppni Evrópumótsins og í fjórða sinn á stórmót og U-21 komst upp úr mjög sterkum riðli á sitt annað lokamót EM. Þetta lofar góðu með framtíðina.

Karlalandsliðið var einungis um 5 mínútum frá því að komast í úrslit á EM en missti niður forystuna á lokamínútum leiksins gegn Ungverjalandi.

Umsvif yngri landsliða voru síðan því miður í algjöru lágmarki vegna faraldursins.

Nýir þjálfarar landsliðanna voru svo kynntir um áramótin, þeir Arnar Þór Viðarsson og Þorsteinn H. Halldórsson.

Við væntum mikils af þeirra störfum á sama tíma og við þökkum fráfarandi þjálfurum þeirra störf.

Laugardalsvöllur eða nýr þjóðarleikvangur er annað stórt hagsmunamál knattspyrnuhreyfingarinnar sem vonandi verður ákvörðun tekin um á þessu ári. Það er búið að vinna mikla greiningarvinnu undanfarið misseri en ljóst er að aðstöðuleysið og sú staðreynd að við getum ekki leikið okkar mótssleiki að vetri til er hindrun á góðan árangur og möguleika okkar að komast á stórmót.

Þar fyrir utan mun nýr þjóðarleikvangur nýtast okkar félagsliðum bæði með lengingu keppnistímabils, bikarúrslitaleiki og í Evrópukeppni með fleiri vetrarleikjum framundan.

Nú er einfaldlega kominn tími fyrir stjórnvöld að taka ákvörðun í málinu og fyrir okkur að sýna í verki að við erum raunveruleg íþróttabjóð með aðstöðu sem að stenst samanburð við aðrar þjóðir Evrópu.

Hvað fjárhagslegan rekstur knattspyrnusambandsins varðar þá tók þetta ár mikið á okkur öll í hreyfingunni. Við þurftum að gera miklar ráðstafanir í okkar rekstri. Það lögðust allir á eitt í þessu. Við fengum engar áhorfendatekjur af leikjum okkar og lækkun varð á greiðslum frá styrktaraðilum en á hinn bóginn þá sparaðist kostnaður hér á KSÍ vegna minni umsvifa yngri landsliða. Einnig fengum við sérstakt Covid framlag frá FIFA sem kom sér vel.

Við áttum gott samtal við aðildarfélögin og ÍTF með hvað við gætum greitt út til félaganna.

Á endanum þá greiddum við stórukið framlag út miðað við fjárhagsáætlun og námu framlög okkar og niðurfelld gjöld um 342 m.kr. á síðasta ári.

Rekstur KSÍ stendur engu að síður traustum fótum en hagnaður okkar nam um 38 m.kr. á síðasta ári. Við höfum náð að auka sjálfaflatekjur okkar verulega og reynt að láta félögin njóta þess í betra starfi og með auknum stuðningi við félögin. Á síðustu 4 árum hefur sá fjárhagsstuðningur numið einum milljarði króna sem hefur komið sér vel fyrir rekstur aðildarfélaganna.

Það sem kannski hafði þó mest að segja fyrir knattspyrnuhreyfinguna á liðnu ári er sú hagsmunagæsla sem þurfti gagnvart stjórnvöldum.

Ég vil nota tækifærið og þakka öllum sem komu að þeirri baráttu og tel að vel hafi tekst til í að gæta hagsmuna okkar í þessu sambandi. Ég vil líka hrósa ráðamönnum, ráðherrum, þingmönnum og öðrum fyrir þeirra skilning og ákvörðunartöku í þessu. Einnig vil ég þakka sérstaklega Lárusi Blöndal forseta ÍSÍ fyrir hans þátt og samstarf í þessu ferli.

Við ættum að hrósa meira þegar vel er gert.

Hvað almennan reksturinn KSÍ varðar þá verð ég líka að geta þess að við fengum nýja ásýnd á síðasta ári með nýjum glæsilegum búningum frá Puma ásamt því að nýtt KSÍ merki var kynnt og síðast en ekki síst nýtt landsliðsmerki sem hefur slegið í gegn.

Þetta er afrakstur vandaðrar vinnu á nýstofnuðu markaðsviði og með því frábæra fagfólki sem þarna kom að. Þetta endurspeglar þá fagmennsku sem við viljum standa fyrir hvort sem er innan eða utan vallar.

Kæru þingfulltrúar og gestir,

Ég hef sagt þetta áður og segi það aftur að við getum verið stolt af íslenskum fótbolta og því starfi sem unnið er á þeim vettvangi en við viljum sífellt bæta okkur og gera betur.

Ég vil þakka öllum þeim fjölmörgu sem þar koma að, í öllum þeim hlutverkum sem ég taldi upp áðan.

Einnig vil ég þakka félögum mínum í stjórn KSÍ alla fundina á síðasta ári og nefndarmönnum okkar fyrir þeirra dýrmæta tíma og vel unnu störf og ekki síst okkar góða starfsfólki hér á KSÍ.

Með þessum orðum og kærri kveðju til ykkar allra úr Laugardalnum set ég 75. ársþing KSÍ.

Takk fyrir.

Viðurkenningar fyrir síðasta starfsár voru afhent fyrir ársþing að þessu sinni, en þau hlutu:

- Grasrótarverðlaun KSÍ og UEFA: Kormákur/Hvöt.
- Grasrótarverðlaun KSÍ og UEFA: FF Múrbrjótar.
- Jafnréttisverðlaun KSÍ: Heimavöllurinn.
- Fjölmíðlaverðlaun KSÍ: Marc Boal.
- Viðurkenningu fyrir dómaramál: Knattspyrnudómarafélag Norðurlands (KDN).
- Háttvísiviðurkenning í Pepsi Max deild karla: KA.
- Háttvísiviðurkenning í Pepsi Max deild kvenna: Breiðablik.
- Háttvísiviðurkenning í Lengjudeild karla: Leiknir R.
- Háttvísiviðurkenning í Lengjudeild kvenna: Fjölnir.
- Háttvísiviðurkenning í 2. deild kvenna: Sindri.
- Háttvísiviðurkenning í 2. deild karla: ÍR.
- Háttvísiviðurkenning í 3. deild karla: Reynir S.
- Háttvísiviðurkenning í 4. deild karla: Berserkir.

Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalin í kjörbréfanefnd og voru þau sjálfkjörin:

Einar Páll Tamimi, formaður

Harpa Frímansdóttir

Hildur Þorsteinsdóttir

Engar athugasemdir bárust og kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

Formaður KSÍ gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:

1. þingforseti: Guðmundur H. Pétursson

2. þingforseti: Krístrún Heimisdóttir

og voru þau bæði samþykktir af þingfulltrúum. Þingforseti tók því næst við þingstjórn.

Þingforseti bar fram tillögu um 1. og 2. þingritara:

1. þingritari: Ágúst Ingi Jónsson

2. þingritari: Dagur Sveinn Dagbjartsson

og voru þeir báðir samþykktir og tóku þegar til starfa.

Ávörp gesta

Lárus Blöndal, forseti ÍSÍ, ávarpaði þingið. Fyrst ræddi Lárus um þau áhrif sem heimsfaraldurinn hafði á íþróttastarf í landinu og hrósaði þeim fjölmörgu sem koma að íþróttastarfi fyrir vel unnin störf. Hann lýsti í grófum dráttum þeim tíðu og góðu samskiptum sem íþróttahreyfingin átti á síðasta ári og einnig samskiptum við almannavarnir og sóttvarnaryfirvöld á árinu 2020 og hrósaði sérstaklega Líneyju Rut Halldórsdóttur, framkvæmdastjóra ÍSÍ, fyrir hennar störf í þeirri vinnu. Lárus vék að þeim auknu fjármunum sem íslenska ríkið lagði í íþróttastarf til að mæta því tekjutapi sem íþróttahreyfingin varð fyrir og sagði að þeirri vinnu væri ekki lokið. Lárus ræddi um mikilvægi þess að sérsamböndin og félögin í landinu spyrni við fótum og vinni gegn brottfalli iðkenda.

Lárus ræddi sérstaklega um gott samstarf við Lilju Dögg Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, Ásmund Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, og alþingismönnum, sem tók mjög vel í allar tillögur sem lagðar voru fyrir þingið er snéru að viðspyrnu innan íþróttahreyfingarinnar. Lárus áætlaði að alls kæmu um 1300 milljónir króna frá stjórnvöldum til íþróttahreyfingarinnar vegna faraldursins og það væri mikilvægt til að efla viðspyrnu hreyfingarinnar.

Lárus þakkaði Guðna Bergssyni, formanni KSÍ fyrir gott samstarf, og knattspyrnuhreyfingunni fyrir samstarfið og vel unnin störf á síðastliðnu ári. Þá tók Lárus fram að bæta þurfi upplýsingagjöf innan íþróttahreyfingarinnar í ástandi eins og myndaðist á síðasta

ári. Mikilvægt sé að hægt sé að ganga að þeim upplýsingum vísun hvernig íþróttahreyfingin er fjármögnuð, ef til þess kemur að sækja þurfi aukið fé til ríkisins vegna ástands líkt og skapaðist á árinu 2020.

Því næst vék Lárus að myndinni Hækkum ráanna og ítrekaði að ÍSÍ styddi ekki þær þjálfunaraðferðir sem þar komu fram. Íþróttahreyfingin hafi mótað sér skýra stefnu í þjálfun barna og unglinga og mikilvægt sé að þeim reglum sem fylgt.

Lárus sagði að mikil vinna væri framundan í uppbyggingu þjóðarleikvanga. Vinna við nýjan þjóðarleikvang fyrir knattspyrnu hafi lengi staðið yfir og eins væri verið að vinna að nýjum þjóðarleikvangi fyrir inniþróttir. Og nýlega hafi verið undirritað samkomulag um að skoða möguleikann á nýjum þjóðarleikvangi fyrir frjálsar íþróttir. Íþróttahreyfingin væri því enn að vaxa og til marks um það er búið að auka fjármagn í afrekssjóð ÍSÍ umtalsvert.

Lárus sagði að nú horfði til betri vegar, framtíðin vær björt. Óskaði hann knattspyrnuhreyfingunni til hamingju með árangurinn á liðnum árum og sagðist þess fullviss að þeim árangri væri hvergi nærri lokið. Að lokum óskaði Lárus knattspyrnuhreyfingunni velfarnaðar.

Gianni Infantino, forseti FIFA, ávarpaði þingið. Infantino sendi sínar bestu kveðjur til þingfulltrúa. Hann ræddi um mikilvægi samvinnu og sagði að árangur Íslands bæri merki um góða liðsheild og samvinnu. Infantino hvatti til áframhaldandi góðrar samvinnu FIFA og KSÍ og óskaði allri knattspyrnuhreyfingunni til hamingju með frábært starf.

Aleksander Ceferin, forseti UEFA, ávarpaði þingið. Ceferin sagðist ánægður með að geta ávarpað þingheim en sagði að enn betra væri ef hann hefði haft tök á að vera viðstaddur þingið. En ástandið í heiminum kæmi í veg fyrir það. Hann sagði að síðasta ár hafi falið í sér margar áskoranir og að stórar áskoranir biðu okkar allra á árinu 2021. Í því ástandi væri mikilvægt að horfa bjartsýn fram á veginn, leita að árangursríkum lausnum og gefast aldrei upp. Allar þessar hindranir væru tækifæri til að byggja betri framtíð. Knattspyrnan hafi leikið stórt hlutverk í að endurvekja von og sjálfstraust í lífi margra.

Næsta áskorun væri að fá mikilvægasta hluta leiksins, áhorfendur, aftur á völlinn. Knattspyrna byggist á liðsheild og knattspyrna sameinar okkur öll. Framundan væri stórkostleg lokakeppni EM og undankeppni HM. En einnig verður sett á laggirnar ný Evrópukeppni félagsliða, sem mun gefa fleiri liðum tækifæri til að taka þátt í alþjóðlegri keppni.

Að lokum þakkaði Ceferin Knattspyrnusambandi Íslands og formanni þess, Guðna Bergssyni, fyrir góðan stuðning og frábæra samvinnu við UEFA. Hann hrósaði knattspyrnuhreyfingunni fyrir gott starf í grasrótarmálum, knattspyrnu kvenna og dómaramálum. Allt væru þetta skref í að ná betri árangri í knattspyrnu. Mikilvægt væri að áframhald yrði á þeirri virðingu og samvinnu sem nú ríkti.

Ceferin óskaði að lokum þingheimi góðs gengis á 75. ársþingi KSÍ.

Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ. Haukur kom inn á þær áskoranir sem íþróttahreyfingin hafi glímt við á síðasta ári og sagði að árið hafi bæði verið krefjandi og lærdómsríkt. Árið 2020 hafi verið árið þar sem íþróttahreyfingin öll hafi snúið bökum saman í baráttu við illvíga veiru og áhrif hennar.

Haukur hrósaði sérstaklega þjálfurum sem sýnt hafi fádæma samstöðu til að halda úti æfingum í starfi íþrótt- og ungmennafélaga um land allt. Faraldurinn hafi þjappað okkur saman og árangurinn sjáist nú þegar í auknu og betra samstarfi félaga á milli og við stjórnvöld.

Íþróttahreyfingin og stjórnvöld eiga það sameiginlegt að vilja bæta samfélagið. Það sjáist m.a. í umsögnum til alþingis. Þessi sameiginlega rödd skilar sér til samfélagsins. Hauki var efst í huga nýleg lög um greiðslur fyrir launþega og verktaka og einnig breytingar á lögum um skatta og gjöld sem hafa það að leiðarljósi að styrkja og efla skattalegt umhverfi félagasamtaka, þar á meðal íþróttafélaga. Umhverfi íþróttahéfur styrkst og orðið faglegra með hverju árinu. Mikill metnaður er til að bæta það og gera öruggara. Haukur nefndi í því sambandi að UMFÍ sé aðili að Æskulýðsvettvanginum sem býður upp á námskeið í barnavernd og ánægjulegt væri að

sjá hve margir knattspyrnuþjálfarar hafi tekið námskeiðið. Haukur benti einnig á að öll félög geti nú leitað til samskiptaráðgjafa, komi upp atvik í starfinu.

Haukur sagði að UMFÍ væri að vinna að nýrri stefnumótun og þar á meðal yrði unnið með hlutverk íþróttahéraða og dreifingu fjármuna frá Íslenskri getspá. UMFÍ er einn af eigendum Íslenskrar getspá, sem skilað hefur góðum arði inn í íþróttahreyfinguna.

Haukur ræddi um mikilvægi þess að vinna hörðum höndum gegn brottfalli úr íþrótt- og æskulýðsstarfi. Vísbendingar væru á lofti um að brottfall hafi aukist upp á síðkastið. Tyggja þurfi gott aðgengi að íþróttum og gleði í því starfi væri lykilatriði. Haukur sagði að KSÍ væri til fyrirmyndar í þeim efnum, enda vill hreyfingin tryggja að öll börn upplifi sig velkomin og örugg í fótbolta, sem og öðrum íþróttagreinum.

Haukur óskaði KSÍ velfarnaðar og hvatti til samstarfs og samvinnu. Það stuðli að aukinni gleði en gleði er eitt af grunngildum KSÍ og UMFÍ. Haukur flutti kveðju stjórnar og starfsmanna UMFÍ og óskaði þingheimi góðs gengis.

Álit kjörbréfanefndar

Einar Páll Tamimi flutti álit kjörbréfanefndar.

Frá Afríku (1): Zakaria Elias Anbari.

Frá Aftureldingu (3): Guðbjörg Fanndal Torfadóttir, Gísli Elvar Halldórsson, Sigurbjartur Sigurjónsson.

Frá Augnabliki (1): Halldór Arnarsson.

Frá Álftanesi (1): Björgvin Júníusson.

Frá Árborg (1): Sigurður Sigurðsson.

Frá Berserkjum (1): Guðjón Guðmundsson.

Frá Breiðabliki (4): Helgi Aðalsteinsson, Flosi Eiríksson, Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir, Sigrún B. Óttarsdóttir.

Frá Dalvík/Reyni (1): Stefán Garðar Níelsson.

Frá FH (4): Valdimar Svavarsson, Arnar Ægisson, Hildur Þorsteinsdóttir, Viðar Halldórsson.

Frá Fjarðabyggð (2): Helgi Freyr Ólason, Ingi Steinn Freysteinnsson.

Frá Fjölnir (3): Geir Kristinsson, Hjörleifur Þórðarson, Kolbeinn Kristinsson.

Frá Fram (3): Ásgrímur Helgi Einarsson, Daði Guðmundsson, Elín Þóra Böðvarsdóttir.

Frá Fylkir (4): Kolbrún Arnardóttir, Hrafnkell Helgi Helgason, Kjartan Daníelsson, Stefanía Guðjónsdóttir.

Frá GG (1): Jón Júlíus Karlsson.

Frá Grindavík (3): Gunnar Már Gunnarsson, Helgi Bogason, Ægir Viktorsson.

Frá Gróttu (3): Birgir Tjörvi Pétursson, Harpa Frímansdóttir, Sölvi Snær Magnússon.

Frá Hamri (1): Ágúst Örlaugur Magnússon.

Frá Hömrnum (1): Jón Stefán Jónsson.

Frá Haukum (3): Halldór Jón Garðarsson, Helga Helgadóttir, Jón Björn Skúlason.

Frá HK (4): Elmar Bergþórsson, Frosti Reyur Rúnarsson, Hanna Carla Jóhannsdóttir, Jóhann Gunnarsson.

Frá Hvíta riddaranum (1): Hanna Símonardóttir.

Frá Herði Í. (1): Sigþór Snorrason.

Frá Hetti/Huginn (1): Guðmundur Bj. Hafþórsson.

Frá ÍA (4): Eggert Herbertsson, Geir Þorsteinsson, Heimir Fannar Gunnlaugsson, Linda Dagmar Hallfreðsdóttir.

Frá ÍBV (4): Svanur Gunnsteinsson, Daníel Geir Moritz, Hörður Orri Grettisson, Magnús Sigurðsson.

Frá ÍR (2): Magnús Þór Jónsson, Margrét Jónsdóttir.

Frá KA (4): Sævar Pétursson, Gunnlaugur Eiðsson, Róbert Már Kristinsson, Jóhann Rúnar Sigurðsson.

Frá Kára (1): Sveinbjörn Geir Hlökkversson.

Frá KB (1): Örn Þór Karlsson.

Frá Keflavík (4): Sigurður Garðarsson, Guðlaugur Gunnólfsson, Gunnar Oddsson, Jónas Guðni Sævarsson.

Frá KFG (1): Sindri Rósenkranz Sævarsson.

Frá KFR (1): Tinna Erlingsdóttir.

Frá KFS (1): Hjalti Kristjánsson.

Frá Kormáki/Hvöt (1): Heiðar Þórisson.

Frá KR (4): Páll Kristjánsson, Jónas Kristinsson, Magnús Lúðvíksson, Margrét Hafsteinsdóttir.

Frá Leikni F. (2): Magnús Ásgrímsson, Björgvin Stefán Pétursson.
Frá Leikni R. (4): Oscar Clausen, Guðjón Helgason, Guðný Sævinsdóttir, Stefán Páll Magnússon.
Frá Létti (1): Auður Sólrún Ólafsdóttir.
Frá Magna (2): Gísli Gunnar Oddgeirsson, Stefán Hrafn Stefánsson.
Frá Mídas (1): Benedikt Sveinsson.
Frá Njarðvík (1): Brynjar Freyr Garðarsson.
Frá Reyni S. (2): Hannes Jón Jónsson, Andri Þór Ólafsson.
Frá Selfossi (4): Sævar Þór Gíslason, Hafþór Sævarsson, Ingbór J Guðmundsson, Ólafur Hallgrímsson.
Frá Skallagrími (1): Páll S. Brynjarsson.
Frá Snæfelli (1): Jóhann Finnur Sigurjónsson.
Frá Stjörnunni (4): Gunnar Guðni Leifsson, Einar Páll Tamimi, Halldór Ragnar Emilsson, Helgi Hrannarr Jónsson.
Frá Tindastóli (2): Sigurður Halldórsson, Haukur Skúlason.
Frá Val (4): E. Börkur Edvardsson, Hörður Gunnarsson, Jón Gretar Jónsson, Sigurður K. Pálsson.
Frá Vestra (3): Samúel Samúelsson, Daði Valgeir Jakobsson, Tinna Hrund Hlynsdóttir.
Frá Víkingi Ó. (3): Jóhann Pétursson, Atli Már Gunnarsson, Hilmar Þór Hauksson.
Frá Víkingi R. (4): Friðrik Magnússon, Heimir Gunnlaugsson, Sváfniir Gíslason, Sverrir Geirdal.
Frá Vængjum Júpíters (1): Helgi Thor Þorsteinsson.
Frá Völsungi (2): Jónas Halldór Friðriksson, Jóhann Kristinn Gunnarsson.
Frá Ými (1): Baldur Már Bragason.
Frá Þór (3): Gestur Arason, Birkir H. Björgvinsson, Ragnheiður Jakobsdóttir.
Frá Þrótti R. (4): Kristján Kristjánsson, Ólafur Kjartansson, Helgi Sævarsson, Pála Þórisdóttir.
Frá Þrótti V. (2): Gunnar Helgason, Marteinn Ægisson.
Frá Ægi (1): Guðbjartur Örn Einarsson.

Fyrirnefndir 129 fulltrúar (af 143) frá 58 félögum mættu til þings og voru kjörbréf þeirra einróma samþykkt.

Framkvæmdastjóri KSÍ, Klara Bjartmarz, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar, sem er að finna á sérstakri heimasíðu sem búin var til um skýrslu stjórnar (<https://arsskyrsla.ksi.is/#panel0>)

Borghildur Sigurðardóttir, varaformaður KSÍ og formaður fjárhags- og endurskoðunarnefndar KSÍ, lagði fram endurskoðaða reikninga til samþykktar. Greindi hún frá því að rekstrartekjur KSÍ á árinu 2020 voru um 1.688 mkr, eða um 67 milljónum hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur af landsleikjum svo til hurfu vegna áhorfendabanns, en á móti kom hækkun á styrkjum og framlögum FIFA og viðbótarframlag vegna reksturs Laugardalsvallar.

Rekstrarkostnaður var 239 mkr lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir, eða um 1.337 mkr samanborið við 1.576 í áætlun. Kostnaður landsliða, mótamála, fræðslu, húsnæðis og annarra liða var undir áætlun vegna samdráttar í verkefnum. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var eini liðurinn sem fór umfram áætlun, eða tæp 8%, sem skýrist annars vegar af tölvukostnaði við FIFA ID*, og hins vegar af kostnaði við sérfræðiráðgjöf í tengslum við greiningu á Covid-19 tapi aðildarfélaga KSÍ.

Hagnaður ársins fyrir ráðstöfun til aðildarfélaga var um 380 mkr. Alls var um 342 mkr úthlutað til aðildarfélaga en áætlun gerði ráð fyrir 128,5 mkr og voru um 160,6 milljónir vegna aukaframlags vegna Covid.

Rekstrarniðurstaða samstæðu Knattspyrnusambands Íslands á árinu er því hagnaður, tæpar 38 milljónir króna.

Heildareignir sambandsins eru ríflega 1 milljarður og heildar skuldir um 363 milljónir eigið fé sambandsins er því jákvætt um 733 milljónir.

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga:

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins voru samþykktir með 101 atkvæði gegn 2.

Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 10

Tillögur á þingskjölum 6 til 10 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

Þingskjal 6 – Fjárhagsáætlun

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, hafði framsögu.

Fjárhagsáætlun

Rekstraráætlun 2021

	Áætlun 2021	Raun 2020	Áætlun 2020
Rekstrartekjur			
Styrkir og framlög	1.104.653.109	1.214.989.818	1.048.425.859
Tekjur af landsleikjum	148.090.000	25.909.950	199.515.000
Sjónvarpsréttur	311.800.000	295.174.263	276.000.000
Aðrar rekstrartekjur	67.303.500	48.015.386	55.214.000
Rekstrartekjur Laugardalsvallar	62.000.000	104.521.234	42.489.816
	1.693.846.609	1.688.610.651	1.621.644.675
Rekstrargjöld			
Kostnaður við landslið	-754.227.977	-626.833.182	-781.355.416
Mótakostnaður	-221.390.740	-177.965.989	-218.734.505
Fræðslukostnaður	-67.235.006	-40.268.451	-59.902.040
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	-304.347.113	-311.859.256	-289.681.754
Húsnæðiskostnaður	-27.300.000	-23.696.583	-25.000.000
Annar rekstrarkostnaður	-5.000.000	-4.532.733	-10.000.000
Rekstrargjöld Laugardalsvallar	-97.280.000	-67.221.718	-95.324.000
Laugardalsvöllur - umspilsaðgerð	0	-42.102.431	-64.000.000
Afskriftir	-43.000.000	-43.012.829	-32.425.399
	-1.519.780.836	-1.337.493.172	-1.576.423.114
Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld	174.065.772	351.117.479	45.221.561
Aðrar tekjur og gjöld			
Styrkir vegna Mannvirkjasjóðs KSÍ	30.000.000	32.150.000	30.000.000
Framlög úr Mannvirkjasjóði KSÍ	-30.000.000	-32.150.000	-30.000.000
Fjármagnsliðir	8.300.000	28.455.598	17.800.000
	8.300.000	28.455.598	17.800.000
Hagnaður/tap ársins	182.365.772	379.573.077	63.021.561
Greiðslur til aðildarfélaga	-145.753.005	-341.838.639	-128.500.000
Hækkun/lækkun á sjóð	36.612.767	37.734.438	-65.478.439

Sundurliðanir

Styrkir og framlög	Áætlun 2021	Raun 2020	Áætlun 2020
ÍSí	35.000.000	40.999.981	33.750.000
Íslenskar getraunir	7.900.000	7.829.011	7.500.000
UEFA	609.403.109	757.937.378	721.166.109
FIFA	317.500.000	320.472.500	163.350.000
Ýmsir styrkir	134.850.000	87.750.948	122.659.750
Samtals	1.104.653.109	1.214.989.818	1.048.425.859
Aðrar rekstrartekjur			
Fræðslutekjur	27.253.500	18.423.336	23.000.000
Mótatekjur	10.600.000	23.860.150	24.864.000
Erlendar leyfistekjur	6.950.000	5.372.900	7.350.000
Viðburðir og aðrar tekjur	22.500.000	359.000	0
Samtals	67.303.500	48.015.386	55.214.000
Kostnaður við landslið			
A-landslið karla			
Ferðakostnaður	152.530.500	145.904.973	179.105.000
Laun og verktakagreiðslur	148.293.700	102.605.273	134.968.588
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl.	51.300.000	46.020.494	58.168.000
Samtals	352.124.200	294.530.740	372.241.588
U-21 landslið karla			
Ferðakostnaður	34.382.070	28.588.213	37.060.500
Laun og verktakagreiðslur	22.442.950	17.704.882	19.152.004
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl.	7.900.000	11.849.296	9.120.000
Samtals	64.725.020	58.142.391	65.332.504
U-19 landslið karla			
Ferðakostnaður	20.240.700	605.170	19.750.100
Laun og verktakagreiðslur	13.713.375	11.456.221	14.295.600
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	4.325.998	218.646	4.344.700
Samtals	38.280.073	12.280.037	38.390.400
U-17 landslið karla			
Ferðakostnaður	20.367.200	4.111.491	16.880.400
Laun og verktakagreiðslur	13.583.375	12.500.222	14.125.600
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	3.970.332	1.329.378	4.045.480
Samtals	37.920.907	17.941.091	35.051.480

A-landslíð kvenna			
Ferðakostnaður	56.789.000	65.490.021	57.200.200
Laun og verktakagreiðslur	57.925.000	52.354.320	67.211.904
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl.	18.400.000	12.948.032	7.400.000
Samtals	133.114.000	130.792.373	131.812.104
U-23 landslíð kvenna			
Ferðakostnaður	3.339.500	0	3.339.500
Laun og verktakagreiðslur	1.435.000	0	1.435.000
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	0	0	0
Samtals	4.774.500	0	4.774.500
U-19 landslíð kvenna			
Ferðakostnaður	15.419.000	6.738.655	20.118.800
Laun og verktakagreiðslur	14.548.094	11.688.379	15.021.200
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	3.108.036	1.180.088	3.709.640
Samtals	33.075.130	19.607.122	38.849.640
U-17 landslíð kvenna			
Ferðakostnaður	14.464.600	2.463.919	19.800.400
Laun og verktakagreiðslur	14.323.094	12.184.087	15.851.200
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	3.101.178	612.055	3.809.600
Samtals	31.888.872	15.260.061	39.461.200
Hæfileikamótun	26.387.275	22.797.351	34.442.000
Sameiginlegur landslíðskostnaður	31.938.000	55.482.015	21.000.000
Kostnaður við landslíð	754.227.977	626.833.181	781.355.416
Mótakostnaður			
Dómaralaun og launatengd gjöld	145.930.540	115.575.244	145.911.877
Ferðakostnaður dómara	20.600.000	11.428.716	16.017.445
Annar dómarakostnaður	13.905.000	15.884.617	13.105.183
Evrópukeppni félagsliða	5.000.000	2.080.438	5.000.000
Markaðs- og auglýsingakostnaður	13.955.200	5.240.250	5.500.000
Annar mótakostnaður	22.000.000	27.756.724	33.200.000
Samtals	221.390.740	177.965.989	218.734.505
Fræðslukostnaður			
Laun og verktakakostnaður	38.811.006	31.194.838	36.702.040
Landshlutaverkefni	5.000.000	2.174.837	5.000.000
Námskeið og kennslugögn	23.424.000	6.898.776	18.200.000
Samtals	67.235.006	40.268.451	59.902.040

Skrifstofu og stjórnunarkostnaður

Laun og launatengd gjöld	232.388.482	211.059.963	225.349.002
Annar starfsmannakostnaður	2.500.000	1.454.088	2.232.752
Sími, internet, pappír, prentun og ritföng	6.055.428	5.831.446	6.700.000
Rekstrarkostnaður tölva og tækja	22.547.203	49.927.879	20.000.000
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	14.000.000	18.061.851	11.000.000
Ráðstefnur og fundir innanlands/erlendis	9.000.000	6.412.089	10.500.000
Ársþing	4.500.000	8.959.674	8.500.000
Styrkir, framlög og gjafir	4.000.000	4.021.348	3.000.000
Kostnaður vegna Þjóðarleikvangs	7.000.000	4.709.425	0
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2.356.000	1.421.493	2.400.000
Samtals	304.347.113	311.859.256	289.681.753

Húsnæðiskostnaður

Tryggingar	800.000	782.296	1.000.000
Húsnæðiskostnaður	26.500.000	22.914.287	24.000.000
Samtals	27.300.000	23.696.583	25.000.000

Stjórn KSÍ

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt. 110 þingfulltrúar greiddu atkvæði, 108 með og 2 á móti.

Þingskjal 7

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, hafði framsögu.

Tillaga til lagabreytinga

– Lyfjareglur –

Grein 6 í lögum KSÍ**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2021 samþykki tillögu að breytingum á grein 6 í lögum KSÍ með eftirfarandi hætti: Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **grænmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

II. AÐILD AÐ KSÍ**6. grein – Aðrar skyldur**

6.2. Aðildarfélag KSÍ, leikmenn og aðrir innan KSÍ samþykkja að fara eftir anda og skilmálum Lyfjaeftirlits Íslands(LÍ), lögum ÍSÍ um lyfjamál og Alþjóðalyfjareglunum(World Anti-Doping Code). Í því felst skuldbinding til að fylgja lyfjareglum LÍ og lögum ÍSÍ um lyfjamál og viðurkenning KSÍ á valdi og ábyrgð lyfjaeftirlits LÍ á framkvæmd lyfjareglanna. Jafnframt skal reglugerð FIFA um lyfjamisnotkun(FIFA Anti-doping regulations) gilda fullum fetum um lyfjatengd mál innan KSÍ og sé ósamræmi á milli lyfjareglna KSÍ og reglugerðar FIFA um lyfjamisnotkun skulu ákvæði reglugerðar FIFA um lyfjamisnotkun gilda framar.

Greinargerð

Með dreifibréfi FIFA nr. 1724, þann 13. júlí 2020, voru kynntar breytingar á reglugerð FIFA um lyfjamisnotkun (FIFA Anti-doping regulations). Breytingar þær eru tilkomnar vegna breytinga sem stjórn WADA (World Anti-Doping Agency) samþykkti á Alþjóðalyfjareglunum (World Anti-Doping Code). Breytingar á reglugerð FIFA um lyfjamisnotkun fela í sér ákvæði úr nýjum reglum sem innleiddar hafa verið í Alþjóðalyfjareglurnar ásamt öðrum ákvæðum sem ætlað er að mæta og takast á við áskoranir í baráttunni gegn lyfjamisnotkun í fótbolta á heimsvísu. Breytingarnar tóku gildi þann 1. janúar 2021. Samkvæmt reglugerð FIFA um lyfjamisnotkun, ber aðildarsamböndum FIFA, þ.á.m. KSÍ, að innleiða og fylgja reglugerð FIFA um lyfjamisnotkun með það fyrir augum að ákvæðum hennar sé fylgt í lyfjatengdum málefnum. Það skuli gert annað hvort með því að innleiða reglugerðina í heild sinni eða með tilvísun til þeirra í sínum ráðandi skjölum, lögum og/eða reglugerðum. Samkvæmt grein 18.3. í lyfjareglum Lyfjaeftirlits Íslands, sem tóku gildi þann 1. janúar 2021, skal hvert sérsamband á Íslandi innleiða lyfjareglur LÍ annaðhvort beint eða með tilvísun í sín ráðandi skjöl, lög og/eða reglur sem hluta af íþróttareglum sem binda meðlimi sína þannig að sérsambandið geti beitt þeim beint með tilliti til íþróttamanna og annarra einstaklinga undir lögsögu þess.

Til að tryggja eftirfylgni ákvæða lyfjareglna Lyfjaeftirlits Íslands, laga ÍSÍ um lyfjamál, Alþjóðalyfjareglanna og reglugerðar FIFA um lyfjamisnotkun leggur stjórn KSÍ að framangreint ákvæði 6.2. sé samþykkt inn í lög KSÍ.

Stjórn KSÍ

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillaga á þingskjali 7 var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, 113 talsins.

Fyrir þinginu lágu 4 tillögur til breytinga á 33. gr. laga KSÍ um breytingar á Íslandsmóti, aðallega í efstu deild karla en einnig í neðri deildum og Íslandsmóti kvenna. Tillögurnar voru á þingskjölum 8, 9, 10 og 11. Þar sem allar vörðuðu sama lagaákvæðið ákvað þingforseti að fyrst færi fram framsaga um allar 4 tillögurnar, en að því loknu umræður um þær í einu lagi. Að því búnu yrði kosið um hverja tillögu um sig, þar sem fyrst yrði kosið um þá tillögu sem fæli í sér breytingu sem gengi lengst og síðan koll af kolli. Að höfðu samráði við mótstjóra og mótanefnd og eftir að þingforsetar höfðu kynnt sér tillögurnar fjórar var talið að sú tillaga sem fjallaði um breytingu á fjölda liða í efstu deild gengi lengst, en tillögur sem fólu í sér aukið umfang leikja kæmu þar á eftir og yrði gengið til atkvæða um hverja um sig í þeirri röð. Fyrst yrði þannig gengið til atkvæða um tillögu á þingskjali 10, því næst tillögu á þingskjali 9, þar á eftir tillögu á þingskjali 11 og að lokum tillögu á þingskjali 8. Þar sem um tillögur að lagabreytingu er að ræða þarf tillaga aukinn meirihluta, 2/3 atkvæða, til að skoðast samþykkt.

Þingskjal 8

Valgeir Sigurðsson (formaður mótanefndar KSÍ) hafði framsögu.

Tillaga til lagabreytinga

– Efsta deild karla –

Grein 33 í lögum KSÍ

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2021 samþykki tillögu að breytingum á grein 33 í lögum KSÍ með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **grænmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

Eftirfarandi breyting er lögð til í grein 33:

IX. KNATTSPYRNUMÓT

33. grein - Knattspyrnumót

33.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 5 deildir, efsta deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3. deild 12 liðum og 4. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í fjórum efstu deildunum.

33.2. Í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna skal þátttakandi liðum skipt í 3 deildir, efsta deild skal skipuð 10 liðum, 1. deild 10 liðum og 2. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í tveimur efstu deildunum.

33.3. Stjórn KSÍ getur ákveðið að gefa deildum karla og kvenna nafn.

33.4. Í efstu deild karla skal leikin tvöföld umferð ásamt úrslitakeppni. Í úrslitakeppni skal leikin einföld umferð á milli sex efstu liða annars vegar og á milli sex neðstu liða hins vegar skv. nánara fyrirkomulagi í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Í öðrum ~~öllum~~ landsdeildum karla og kvenna er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Keppnin er stigakeppni.

Ákvæði til bráðbirgða árið 2021:

Í efstu deild karla árið 2021 skal leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman.

33.5. Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglum ÍSÍ, svo og starfsreglur knattspyrnuráða, sem samþykktar hafa verið af viðkomandi héraðssambandi og staðfestar af KSÍ.

Greinargerð

Í desember 2019 skipaði stjórn KSÍ starfshóp sem átti að leggja mat á þá kosti sem nefndir hafa verið um mögulegar útfærslur á breyttu keppnisfyrirkomulagi í Pepsi Max deild karla. Sá starfshópur hafði ekki mikinn tíma til umráða og skilaði af sér niðurstöðu í lok janúar 2020. Var það mat starfshópsins að umræðan innan hreyfingarinnar, hvort heldur væri á milli félaga eða innan einstakra félaga, væri of skammt á veg komin til þess að hægt hafi verið að ná fram niðurstöðu á þeim tímapunkti. Jafnframt kom fram í niðurstöðu þess hóps að horfa ætti til þess að breytt keppnisfyrirkomulag ætti að taka gildi 2022. Á ársþingi KSÍ í febrúar 2020 kom fram tillaga frá ÍA um fjölgun liða í Pepsi Max deild karla. Sú tillaga hafði ekki fengið mikla umfjöllun innan hreyfingarinnar í aðdraganda þingsins. Niðurstaðan var sú að þingið samþykkti að skipaður yrði starfshópur til að fara ítarlega yfir málið og þá kosti sem reifaðir höfðu verið.

Starfshópurinn skilaði frá sér ítarlegri skýrslu til stjórnar KSÍ þann 17. desember sl. og má lesa skýrsluna í heild sinni hér: [Skýrsla starfshóps 2020 - Um fjölgun leika í Pepsi karla.pdf \(ksi.is\)](#)

Í niðurstöðukafla skýrslu starfshópsins kemur fram: Tólf liða deild, þar sem leikið er heima og að heiman líkt og nú er, skipta síðan deildinni í tvo hluta og leika til úrslita, er að mati hópsins sú aðferð sem samræmist best þeim markmiðum sem hópurinn setti sér. Úrslitakeppni mótsins eykur spennu og gæði leikjanna, mikil keppni getur skapast um að ná 6. sæti deildarinnar í fyrri hluta mótsins. Þetta form með hæfilegri fjölgun leikja, er eitthvað nýtt sem gefur ýmis markaðsleg tækifæri m.a. í sölu markaðsréttinda. Líklegt er að aðsókn á leiki aukist, sérstaklega í úrslitakeppninni. Þessi aðferð er að mati hópsins best til þess fallin að auka tekjur félaganna. Breytingin hefði ekki áhrif á aðrar deildir og fjölda liða í Pepsi Max deild karla. Fjöldi landa notar svipað mótafyrirkomulag í sínum löndum.

Að teknu tilliti til ofangreindra þátta þá leggur stjórn KSÍ til að frá og með keppnistímabilinu 2022 verði keppnisfyrirkomulagi Pepsi Max deildar karla breytt og leikið með 12 liðum sem byrja á því að leika tvöfalda umferð (heima og að heiman). Að því loknu verði mótinu skipt upp í efri og neðri hluta. 6 félög í hvorum hluta sem leika einfalda umferð, þ.e. 5 leiki pr. lið. Í úrslitakeppni efri hlutans er leikið um Íslandsmeistaratilinn og sæti í Evrópukeppnum félagsliða. Í úrslitakeppni neðri hlutans er leikið með sambærilegum hætti um að forðast fall. Félögin taka með sér stigin úr fyrri hluta mótsins. Röð liða í fyrri hluta mótsins ræður því hvaða félög fá fleiri heimaleiki í úrslitakeppni mótsins. Þannig myndu lið nr. 1,2,3 og 7,8,9 fá þrjá heimaleiki en hin liðin tvo heimaleiki. Nánari útlistun á fyrirkomulagi í úrslitakeppni yrði komið fyrir í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót af stjórn KSÍ.

Stjórn KSÍ

Þingskjal 9

Ásgrímur Helgi Einarsson (Fram) hafði framsögu.

Tillaga til lagabreytinga
– Fjölgun liða í efstu deild karla–

Grein 33 í lögum KSÍ**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2021 samþykki tillögu að breytingum á grein 33 í lögum KSÍ með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **grænmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

Eftirfarandi breyting er lögð til í grein 33:

IX. KNATTSPYRNUMÓT

33. grein - Knattspyrnumót

33.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 5 deildir, efsta deild skal skipuð ~~14~~ liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3. deild 12 liðum og 4. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í fjórum efstu deildunum.

Ávæði til bráðabirgða 2021

33.1.1. Efsta deild karla skal skipuð 12 liðum árið 2021. Efsta deild karla skal skipuð 14 liðum árið 2022. Í efstu deild karla árið 2022 leika 14 lið – þau lið sem hafna í 1.-11. sæti í efstu deild karla 2021 og þau lið sem hafna í 1.-3. sæti í 1. deild karla 2021. Í 1. deild karla árið 2022 leika 12 lið – það lið sem hafnar í 12. sæti í efstu deild karla 2021, þau lið sem hafna í 4.-11. sæti í 1. deild karla 2021 og þau lið sem hafna í 1.-3. sæti í 2. deild karla 2021. Í 2. deild karla árið 2022 leika 12 lið – það lið sem hafnar í 12. sæti í 1. deild karla 2021, þau lið sem hafna í 4.- 11. sæti í 2. deild karla 2021 og þau lið sem hafna í 1.-3. sæti í 3. deild karla 2021. Í 3. deild karla árið 2022 leika 12 lið – það lið sem hafnar í 12. sæti í 2. deild karla 2021, þau lið sem hafna í 4.- 11. sæti í 3. deild karla 2021 og þau lið sem hafna í 1.-3. sæti í 4. deild karla 2021. Í 4. deild karla árið 2022 leika þau lið, sem ekki eiga sæti í fjórum efstu deildunum.

Greinargerð

Lagt er til að liðum í efstu deild karla fjölgi úr 12 í 14 lið keppnistímabilið 2022. Keppnistímabilið 2021 fellur aðeins eitt lið úr efstu deild karla. Úr 1.- 4. deild karla fara þrjú lið upp úr hverri deild og eitt lið fellur úr hverri deild (sjá nánar á skýringamynd hér að neðan). Þetta fyrirkomulag er fyrst og fremst hugsað til þess að fleiri ungir íslenskir leikmenn fái tækifæri til að spila í meistaraflokki og fái þannig meiri spiltíma. Myndi það efla íslenska knattspyrnu til framtíðar. Samhliða myndu þannig fleiri leikmenn fá betri leiki. Félög á landinu, í 1.-4. deild, fá aukið svigrúm til endurskipulagningar á sínum rekstri í ljósi þess að færri lið falla milli deilda en áður. Í ljósi erfiðs rekstrarumhverfis, og fyrirsjáanlegu framhaldi á því, er mikilvægt að félögin fái tækifæri til að skoða rekstur sinn og stefnur. Samhliða því munu fleiri félög eiga möguleika á því að klífa upp milli deilda og komast þannig í auknar tekjur. Slíkt myndi leiða af sér betri og faglegru umgjörð sem er félögum til mikilla hagsbóta.

Útfærsla tillögu

Árið 2022 yrði Pepsi Max 14 liða deild
Áfram tvöföld umferð með sama leikjafyrirkomulagi.

	Fjöldi liða 2021	Falla 2021	Fara upp 2021	Fjöldi liða 2022
Pepsi Max	12	1	0	14
Lengjudeild	12	1	3	12
2. deild	12	1	3	12
3. deild	12	1	3	12
4. deild	Riðlakeppni	0	3	Riðlakeppni

Knattspyrnudeild Fram

Þingskjal 10

Kjartan Daníelsson (Fylkir) hafði framsögu.

Tillaga til lagabreytinga

–10 lið í efstu deild karla og 14 lið ásamt umspili í 1. deild karla –

Grein 33 í lögum KSÍ**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2021 samþykki tillögu að breytingum á grein 33 í lögum KSÍ með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstríkað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **grænmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

IX. KNATTSPYRNUMÓT**33. grein - Knattspyrnumót**

33.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 5 deildir, efsta deild skal skipuð ~~10~~ liðum, 1. deild ~~14~~ liðum, 2. deild 12 liðum, 3 deild 12 liðum og 4. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í fjórum efstu deildunum.

Ákvæði til bráðabirgða 2021

33.1.1. Í efstu deild karla skulu leika 12 lið árið 2021. Í efstu deild karla árið 2022 leika 10 lið - þau 8 lið sem hafna í 1.-8. sæti í efstu deild karla árið 2021 og það lið sem hafnar í 1. sæti 1. deildar karla árið 2021. Lið sem hafnar í 9. sæti efstu deildar árið 2021 skal leika til úrslita, heima og heiman, gegn liði sem hafnar í 2. sæti 1. deildar karla árið 2021 um sæti í efstu deild karla árið 2022.

33.1.2. Í 1. deild karla skulu leika 12 lið árið 2021. Í 1. deild karla árið 2022 leika 14 lið – þau lið sem hafna í 10.-12. sæti í efstu deild karla árið 2021, þau lið sem hafna í 3.-10. sæti í 1. deild karla árið 2021, þau lið sem hafna 1.-2. sæti í 2. deild karla árið 2021 og það lið sem bíður ósigur eftir leiki til úrslita á milli liðs í 9. sæti efstu deildar karla árið 2021 gegn liði sem hafnar í 2. sæti 1. deildar karla árið 2021 um sæti í efstu deild karla árið 2022.

33.2. Í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna skal þátttakandi liðum skipt í 3 deildir, efsta deild skal skipuð 10 liðum, 1. deild 10 liðum og 2. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í tveimur efstu deildunum.

33.3. Stjórn KSÍ getur ákveðið að gefa deildum karla og kvenna nafn.

33.4. Í efstu deild karla er leikin þreföld umferð. Í 1. deild karla skal leikin tvöföld umferð ásamt umspili á milli félaga í 2.-5. sæti um laust sæti í efstu deild skv. nánara fyrirkomulagi í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Í öðrum ~~öllum~~ landsdeildum karla og kvenna er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Keppnin er stigakeppni.

Ávæði til bráðabirgða 2021

33.4.1. Árið 2021 skal leikin tvöföld umferð í öllum landsdeildum karla og kvenna og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman.

33.5. Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglum ÍSÍ, svo og starfsreglur knattspyrnuráða, sem samþykktar hafa verið af viðkomandi héraðssambandi og staðfestar af KSÍ.

Greinargerð

Vísað er til umfjöllunar úr skýrslu starfshóps um fjölgun leikja í efstu deild karla. Tekið er undir markmið starfshópsins með breyttu mótafyrirkomulagi í Pepsi Max deild karla. Helstu markmiðin sem stefna eigi að með breyttu mótafyrirkomulagi séu eftirfarandi:

1. Auka gæði og samkeppnishæfni íslenskrar knattspyrnu og leikmanna sem leika á Íslandi
2. Nýta betur fjárfestingu aðildarfélaganna í leikmönnum og starfsmönnum
3. Auka möguleika á tekjuöflun
4. Auka verðmæti sjónvarps- og markaðsréttinda deildarinnar
5. Mæta vaxandi eftirspurn og auka sýnileika íslenskrar knattspyrnu

Leiðir að markmiðunum :

- Lengja keppnistímabil, stytta þannig hið langa undirbúningstímabil
- Fjölga keppnisleikjum og fækka þar með æfingaleikjum

Úr umfjöllun úr skýrslu um 10 lið í efstu deild:

„Kostir þessarar aðferðar er að mati hópsins til þess fallin að auka gæði deildarinnar frá því sem nú er með því að fækka óspennandi leikjum og fjölga jafnframt meira spennandi leikjum. Þannig yrði undirbúningur félaganna betri fyrir Evrópukeppni félagsliða. Hvert félag fengi 5 leikjum meira, lítil aukning er á heildarfjölgun leikja og því yrði hækkun á dómarakostnaði óveruleg. Líklegt er að meðal aðsókn pr. leik aukist. Fjárhagslegur grunnur félaganna í deildinni yrði betri.“

Úr niðurstöðukafla í skýrslu starfshóps:

„Að fækka liðum í 10 og leika þrefalda umferð samræmist flestum þeim markmiðum sem hópurinn setti sér. Sérstaklega hvað varðar gæði leikjanna. Ef skoðaðar eru aðsóknartölur Pepsi Max deildar karla 2019 þá eykst meðalaðsókn á leiki ef ekki eru teknir með í reikninginn leikir hjá liðunum tveimur sem féllu. Með þessari aðferð er lítil heildarfjölgun leikja, þannig að hækkun á dómarakostnaði er óveruleg.“

Frekari greinargerð Knattspyrnudeildar Fylkis:

Þrjár tillögur komu helst til greina hjá starfshópi um fjölgun leikja í efstu deild. Knattspyrnudeild Fylkis telur að markmið þau sem starfshópurinn setti sér náist fyrr og betur með 10 liða deildarfyrirkomulagi í efstu deild með þrefaldri umferð og sú leið sé bæði sanngjarnari og greiðfærari. Sömuleiðis sé fjölgun í 1. deild karla tímabær, fleiri leikir, lengra tímabil og fleiri leiktækifæri fyrir yngri leikmenn. Mörg metnaðarfull félög bíða færis á að spreyta sig í efstu deild. Að auki, og til að koma til móts við aukinn ferðakostnað í 1. deild karla leggjum við til að stjórn KSÍ komi á ferðasjóði fyrir 1. deild með sérstöku framlagi úr efstu deild og frá KSÍ.

Aðferð við fjölgun félaga í 1. deild karla og fækkun félaga í efstu deild árið 2022:

Lagt er til að á árinu 2021 falli þrjú neðstu félögin úr efstu deild karla beint niður í 1. deild karla. Félagið sem endar í fyrsta sæti í 1. deild karla árið 2021 flyst beint upp í efstu deild karla. Fjórða neðsta sætið í efstu deild karla leikur úrslitaleiki við félag í 2. sæti 1. deildar karla heiman og að heiman um laust sæti í efstu deild karla árið 2022. Tvö neðstu lið 1. deildar árið 2021 falla í 2. deild karla og tvö efstu lið 2. deildar árið 2021 flytjast upp í 1. deild.

Frekari skýringar á tillögu:

Efsta deild karla:

Miðað er við 10 liða efstu deild. Leikumferðum myndi fjölga úr 22 í 27 en leikin yrði þreföld umferð. Keppnistímabilið yrði þannig orðið u.þ.b. 30 dögum lengra en undirbúningstímabil ef miðað er við að leikir í efstu deild karla myndu hefjast um eða upp úr mánaðaramótum mars/apríl og myndi ljúka um miðjan október. Þar með væri rétt úr þeim óheppilega halla að hér á Íslandi nái undirbúningstímabil í knattspyrnu yfir lengra tímabil en keppnistímabilið sjálft.

Frekari markmið með breyttu fyrirkomulagi eru:

- Sterkari rekstrargrundvöllur félaga í deildinni. Hærri viðmið geta verið sett.
- Knattspyrna á hærri styrkleika, knattspyrna sem er aðlaðandi fyrir áhorfandann (sjónvarpsvænni) og þar af leiðandi meira aðlaðandi fyrir leikmenn deildarinnar.
- Meiri kröfur væri hægt að gera til félaga og leikmanna til umgjörðar í deildinni sjálfri. Færri félög sem þurfa að standa undir meiri kröfum sem kallað er eftir.
- Deildarfyrirkomulag sem gæti styrkt öll félög deildarinnar. Félög í neðri hluta, miðju og efri hluta.
- Deildarfyrirkomulag sem myndi betur styðja félög í Evrópukeppni. Gera þeim betur kleift að reka sig og ná sínum markmiðum. Félögin hefja leik ennþá fyrr og eru því í betri leikæfingu í júlímánuði þegar Evrópukeppni hefst.
- Tekjur deildarinnar, sem stefnt er að því að auka, t.d. með nýjum sjónvarpssamningum dreifast á færri félög sem hjálpar þeim betur að viðhalda ákveðnum gæðastaðli á þeirra starfi. Félög í deildinni þurfa nauðsynlega sterkari rekstrargrundvöll og tryggari tekjustofna til að viðhalda og jafnvel bæta gæði deildarinnar og þar með gera deildina verðmætari sem afþreyingu fyrir áhorfendur, á vellinum og í sjónvarpi.
- Sé deildin að hefjast um mánaðarmót mars/apríl, eða u.þ.b. þegar fyrsta landsleikjahlé ársins er að klárast, þá kann deildin að vera meira aðlaðandi fyrir landsliðsmenn þjóða, Íslands eða annarra þjóða, sem væru þá búnir að hefja sitt tímabil á Íslandi þegar fyrstu landsleikir ársins eru spilaðir í stað þess að vera enn á undirbúningstímabili.
- Sé deildin að klárast um miðjan október, þá nær keppnistímabilið á milli fyrsta og síðasta landsleikjaglugga hvers árs. Leikmenn landsliða eru því í leikæfingu fyrir öll landsliðsverkefni.

Lagt yrði til við stjórn að félagaskiptaglugganum sé skipt upp en heimilt er að hafa sérstakan glugga fyrir efri deildir og annan fyrir neðri deildir. Glugganum gæti t.d. verið stillt upp þannig að hann opni mun fyrr fyrir félög í efri deildum en opni síðar fyrir félög í þeim neðri. Þannig sé hægt að aðlaga félagaskiptaglugga eftir mismunandi leiktímabilum deilda.

Ekki eru öll félög með velli klára í byrjun apríl. Þó eru félögin orðin mörg sem eru komin með keppnivelli sem þola keppnistímabili sem hefst í byrjun apríl. Til stendur að nokkrir slíkir vellir bætist við á komandi árum. Gera þyrfti nauðsynlegar ráðstafanir m.t.t. keppnisvalla ef þörf krefur í 1.-3. umferð.

1. deild karla:

Fjölgun í 14 lið og tvöföld umferð, 26 leikir á félag. Eitt lið beint upp og 2., 3., 4 og 5. sæti í umspil um laust sæti. Keppnistímabilið yrði, eins og í efstu deild, orðið u.þ.b. 30 dögum lengra en undirbúningstímabil ef miðað er við að leikir hefjast um eða upp úr mánaðaramótum mars/apríl og myndi ljúka um miðjan október, mögulega um mánaðarmót október/nóvember með umspilskeppni. Félagaskiptaglugginn yrði eins og í efstu deild.

Umspilskeppni myndi gera það verkum að fleiri lið eiga möguleika að tryggja sér sæti í efstu deild eftir 26 umferðir. Félögin sem komast upp í 1. deild úr 2. deild, eiga meiri möguleika á að halda sé uppi þar sem fleiri lið eru í deildinni. Meiri spenna er í mótinu út 26 umferðir en að meiru er að keppa fyrir félög í miðri deild þar sem

2. – 5. sæti tryggir sæti í umspili. Leikið yrði heima og að heiman í umspili; 2. sæti gegn 5. sæti og 3. sæti gegn 4. sæti. Sigurvegarar þessara leikja mætast heima og að heiman um laust sæti í efstu deild.

Markmið með breyttu fyrirkomulagi í 1. deild:

- Aukinn fjöldi leikja.
- Annað fyrirkomulag en í efstu deild sem gerir deildina áhugaverða fyrir áhorfendur á velli og fyrir framan sjónvarp en þeir fá aðra „vöru“ til að horfa á en í efstu deild. Afþreying er önnur vegna fleiri félaga í deildinni og keppni á milli liða um sæti í umspilskeppni ásamt leikjum í umspilskeppninni sjálfri.
- Ef rekstrargrundvöllur er orðinn sterkari í efstu deild er meira fyrir félögin í 1. deild að vinna við að komast upp í efstu deild. Því er keppnin orðin meiri að komast upp í efstu deild, meira til þess að vinna.

Fylkir

Kjartan Daníelsson (Fylki) ítrekaði mikilvægi þess að breyting á mótafyrirkomulagi yrði til þess fallin að stuðla að framþróun á íslenskri knattspyrnu. Hann sagði þó að ekki hafi verið hljómgrunnur fyrir þessari tillögu og dró því tillögunu til baka. En lýsti jafnframt yfir stuðningi við þingskjal 8, tillögu starfshóps KSÍ.

Þar eð enginn þingfulltrúi annar óskaði eftir að gera flutningsmaður tillögunnar á þingskjali 10 taldist hún ógild og kom ekki til afgreiðslu.

Þingskjal 11

Eggert Herbertsson (ÍA) hafði framsögu.

Tillaga til lagabreytinga
– 12 lið og þrjár umferðir í efstu deild karla –

Grein 33 í lögum KSÍ**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2021 samþykki tillögu að breytingum á grein 33 í lögum KSÍ með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **grænmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

IX. KNATTSPYRNUMÓT

33. grein - Knattspyrnumót

33.1. Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttakandi liðum skipt í 5 deildir, efsta deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 12 liðum, 2. deild 12 liðum, 3. deild 12 liðum og 4. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í fjórum efstu deildunum.

33.2. Í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna skal þátttakandi liðum skipt í 3 deildir, efsta deild skal skipuð 10 liðum, 1. deild 10 liðum og 2. deild skal skipuð þeim aðilum, sem ekki eiga lið í tveimur efstu deildunum.

33.3. Stjórn KSÍ getur ákveðið að gefa deildum karla og kvenna nafn.

33.4. Í efstu deild karla skal leikin þreföld umferð og leikur hvert lið þrjá leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman, þannig að hvert lið leikur einn eða tvo leiki heima gegn hverju liði, skv. nánara fyrirkomulagi í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Í ~~öllum~~ öðrum landsdeildum karla og kvenna er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Keppnin er stigakeppni.

Ákvæði til bráðbirgða árið 2021:

Í efstu deild karla árið 2021 skal leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Keppnin er stigakeppni.

33.5. Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglum ÍSÍ, svo og starfsreglur knattspyrnuráða, sem samþykktar hafa verið af viðkomandi héraðssambandi og staðfestar af KSÍ.

Greinargerð

Starfshópur um fyrirkomulag keppni í efstu deild karla skilaði skýrslu til stjórnar KSÍ 17. desember sl. og lagði til að frá og með árinu 2022 verði keppni í efstu deild karla breytt þannig að til komi þriðja umferðin sem verði leikin þannig að sex efstu liðin eftir hefðbundnar tvær umferðir leiki einfalda umferð (5 leiki á lið til viðbótar) um sæti 1 til 6, en sex neðstu liðin eftir hefðbundnar tvær umferðir leiki einfalda umferð (5 leiki á lið til viðbótar) um sæti 7 til 12. Stigin úr fyrstu tveimur umferðunum fylgja liði inn í þriðju umferðina og leggjast við þau stig sem liðið vinnur sér inn í henni. Í raun snýr tillaga starfshópsins að því að innleiða þriðju umferðina í Íslandsmótinu í knattspyrnu í efstu deild karla en þó aðeins að hluta þar sem þriðja umferðin verður í efri og neðri hluta sem þýðir að hún verður í reynd „pólariseruð“ eða klofin í tvær fylkingar. Það er mikilvægt að skoða hvort slík breyting hafi jákvæð áhrif á íslenska knattspyrnu og félögin í efsta lagi píramídans.

Það liggur fyrir að staða íslenskra félagsliða á styrkleikalista UEFA hefur versnað og það til muna. Það eitt og sér þarf að skoða og þá er vitanlega nærtækast að halda að fyrirkomulag keppni hafi þar eitthvað að segja. Það verður hins vegar að líta til þess að það forskot sem íslensk félagslið höfðu vegna byrjunar Evrópumóta félagsliða í september, síðan í ágúst og nú í byrjun júlí hefur með tímanum horfið. Það er ýmislegt sem skýrir það, s.s. aðlögun deildarkeppna erlendra liða vegna síaukins fjármagns og lengra keppnistímabils sem fylgir þátttöku í Evrópumótum. Það mætti því álykta sem svo að margar þjóðir hafi tekið framförum með breyttum áherslum og aðferðarfræði á meðan framfarir hafi verið litlar hér á landi.

Það er mikilvægt fyrir keppni í efstu deild karla að íslensk félagslið nái betri árangri í Evrópuleikjum. En hvað þarf til þess? Það má leiða að því líkum að það geti gerst ef félagsliðin eru komin í betra leikform í byrjun júlí og **til þess þarf keppni í Íslandsmótinu að hefjast fyrir á árinu**. Þetta kallar á fleiri leiki fyrir á árinu en segir ekkert til um fyrirkomulag keppni nema að vitanlega þarf hún að vera sem mest krefjandi fyrir liðin sem í hlut eiga. Æskilegt skref í þessa átt væri að hefja keppni í efstu deild karla í byrjun apríl. Þessu fylgja ýmsir vankantar t.d. erfitt veðurfar og ástand grasvalla. Nauðsynlegt gæti verið að heimila notkun varavalla og innvalla með minni lofthæð í fyrstu umferðum mótsins. Á það ber að líta að deildarbikarkeppni KSÍ var sett á laggirnar til að þróa mótahald í íslenskri knattspyrnu og þannig hefur sú keppni skilað tilætluðum árangri með sífelldu betri aðstöðu (mannvirkjum) til keppni að vori. Breyta þyrfti fyrirkomulagi deildarbikarins og gæti keppni hafist um miðjan janúar og lokið í mars, með breyttu fyrirkomulagi ef þurfa þætti.

Með lengra keppnistímabili Íslandsmóts í efstu deild karla (apríl - október) verður hægt að fjölga leikjum. Þá ber að hafa í huga að deildarkeppni byggist í grunninn á því að öll félög hafa sömu tækifæri og því æskilegt að ný þriðja umferð í efstu deild karla verði leikin þannig að allir leiki við alla. Það þýðir 11 leikir til viðbótar á lið, en sú aukning er nauðsynleg til þróunar og til að koma í veg fyrir að gjáin milli liðanna sem oftast taka þátt í Evrópumótum og hinna verði enn stærri en þegar er raunin. Það má leiða líkum að því að tillaga starfshóps KSÍ um skipta þriðju umferð í efri og neðri hóp geti einmitt leitt til þess að stækka þessa gjá. Það er einnig gallað fyrirkomulag að lið í deildarkeppni leiki ekki jafn marga leiki á heimavelli en tillaga starfshópsins gerir ráð fyrir því en við það má mögulega una ef a.m.k. allir leika við alla jafn marga leiki.

Knattspyrnufélag ÍA styður **ekki** tillögu starfshóps KSÍ en leggur til að ganga lengra með það í huga að tækifæri félaganna í efstu deild karla verði sem jöfnust, leikjum í Íslandsmóti fjölgi um 11 á lið með nýrri þriðju umferð og með því að hefja keppni fyrri komi íslensk félagsliða væntanlega betur undirbúin til leiks í júní/júlí þegar Evrópumót hefjast.

Knattspyrnufélag ÍA

Knattspyrnufélag ÍA dró tillögu á þingskjali 11 til baka.

Þar eð enginn þingfulltrúi annar óskaði eftir að gera flutningsmaður tillögunnar á þingskjali 11 taldist hún ógild og kom ekki til afgreiðslu.

Tillögur á þingskjölum 10 og 11 voru dregnar til baka og engir aðrir þingfulltrúar gerðust flutningsmenn þeirra og töldust þær því báðar ógildar og komu ekki til afgreiðslu eða frekari umræðu.

Eftir stóðu þingskjöl 8 og 9 um breytingar á mótahaldi og var mælendaskrá opnuð um þær báðar í einu lagi.

Umræður um þingskjöl 8 og 9:

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Að hans mati var tillaga Fram til þess fallin að kljúfa hreyfinguna. 14 liða deild væri of stór fyrir land eins og Ísland og sú þróun að fjölga liðum í 14 væri á skjön við önnur lönd í Evrópu. Við þurfum að gera okkur grein fyrir því að fótbolti er markaðsvara, sagði Viðar. “Stærri” félögin myndu ekki sætta sig við 14 liða deild. Hann lýsti yfir stuðningi við tillögu að þingskjali 8 og sagði að sú tillaga væri til þess fallin að bæta íslenska knattspyrnu.

Heimir Fannar Gunnlaugsson (ÍA) tók til máls. Hann sagði að þessi mál væru stór og mikilvæg fyrir íslenska knattspyrnu. Hann lýsti yfir stuðningi við tillögu að þingskjali 9 og lýsti jafnframt yfir vonbrigðum með að ÍA hafi ekki fengið sæti í starfshópnum sem vann tillögu að þingskjali 8. Það sem Heimi hugnaðist ekki í tillögu að þingskjali 8 var að tvískipta deildinni að loknum tveimur umferðum. Hann sagði skort á upplýsingum um það hvað yrði um keppni þeirra liða sem enda í sæti 7-12 fæli í sér vera aðal ástæðu þess að ÍA styðji tillögu að þingskjali 9. Heimir taldi að tillaga um fjölgun liða úr 12 í 14 væri betur til þess fallin að gefa ungum leikmönnum tækifæri til að spila í efstu deild. Fleiri fengju tækifæri og mannvirki nýttust betur. Heimir sagði einnig að upplýsingar um þau verðmæti sem nýr sjónvarpsréttarsamningu fæli í sér væru óskýrar og þyrfti að útskýra betur fyrir félögum.

Ásgrímur Helgi Einarsson (Fram) tók til máls. Hann tók undir orð Heimis Fannars. Ásgrímur Helgi ítrekaði að þessi tillaga hafi ekkert með lok Íslandsmótsins 2020 að gera. Ásgrímur þvertók fyrir að fjölgun í 14 liða efstu deild myndi kljúfa hreyfinguna. Hann hvatti félög til að skoða vel þá breytingu sem yrði á neðri deildum ef tillaga að þingskjali 9 yrði samþykkt.

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Viðar sagði að knattspyrnuhreyfingin þyrfti að auka verðmæti deildarinnar. Hann sagði jafnframt að engin sönnun væri fyrir því að fjölgun liða úr 12 í 14 væri til þess fallin að fleiri ungir leikmenn fengju tækifæri. Hann ítrekaði þá skoðun sína að tillaga Fram myndi kljúfa hreyfinguna.

Haraldur Haraldsson (KSÍ) tók til máls. Haraldur sagði að Víkingur R. styddi tillögu að þingskjali 8. Haraldur taldi að tillaga starfshópsins væri góð. Hann taldi að hagsmunum íslenskra félaga væri betur borgið með því að samþykkja tillögu starfshópsins. Sú tillaga myndi fjölga leikjum um 30 talsins í stað 50, eins og myndi gerast ef liðum yrði fjölgað í 14 í efstu deild. Sú tillaga, að fjölga leikjum um 50, myndi fjölga óáhugaverðum leikjum. Hins vegar myndi tillaga starfshópsins um að tvískipta deildinni auka vægi leikja á lokametrum tímabilsins og vonandi skila fleiri áhorfendum. Málið snúist um að búa til betri vöru. Haraldur nefndi einnig að mönnun dómara starfa væri vandamál í tillögu Fram um fjölgun liða. Með því að fjölga liðum í 14 og leikjum um 50 þyrfti að taka dómara úr neðri deildum upp í efstu deild og sagði Haraldur að það myndi minnka gæði dómgaeslunnar í neðri deildum. Knattspyrnuhreyfingin hefði ekki úr stóru mengi dómara að velja.

Sævar Pétursson (KA) tók til máls. Sævar tók undir orð Haraldar. Sævar var ekki sammála því að keppni þeirra liða sem myndu enda í neðri hluta deildarinnar væri lítils virði. Þvert á móti myndi það auka vægi leikjanna að spila við liðin í kringum sig um sæti í deildinni. Hann vildi jafnframt velja því upp hvort að fjölgun liða í efstu deild myndi hafa jákvæð áhrif á Lengjudeildina og dró það í efa. Sævar spurði hvort þetta myndi ekki fljótt leiða til fjölgunar í 14 lið í Lengjudeildinni með auknum kostnaði.

Sigurður Garðarsson (Keflavík) tók til máls. Hann ítrekaði mikilvægi þess að breið samstaða skapist um þær breytingar sem kunna að verða. Sigurður sagði að Keflavík styðji tillögu Fram um fjölgun liða í efstu deild. Hann sagðist eiga erfitt með að sjá hvaða viðbótar verðmæti úrslitakeppni myndu skapa. Sigurði hugnaðist ekki að stuðningsmenn tillögu starfshópsins töluðu niður til annarra þingfulltrúa eða hefðu í hótunum. Hann velti því upp hvort þingheimur væri tilbúinn að taka afstöðu á þessu þingi og hvort ástæða væri til að fresta afgreiðslu málsins um einhverjar vikur þar til breiðari samstaða næðist um breytingu á mótafyrirkomulagi.

Guðni Bergsson (KSÍ) tók til máls. Guðni þakkaði báðum aðilum fyrir þeirra framsögu. Guðni sagði það skoðun sína að tillaga starfshópsins hafi verið ákveðin málamiðlun og hefði ekki í för með sér breytingu á fjölda liða í efstu deild. Guðni sagði að það væri mikilvægt að halda umræðum málefnalegum, að fara ekki í skotgrafir þó félög og þingfulltrúar væru ekki sammála um þá leið sem ætti að fara. Guðni sagði að undirbúningur að tillögu

starfshópsins hafi verið vel ígrundaður og tillagan vel kynnt félögum innan ÍTF. Um mikið hagsmunamál væri að ræða og að mörgu leyti væri sjónarmiðin svipuð, en leiðirnar ólíkar. Hann sagði flókið að fresta umræðunni eða þinginu.

Heimir Fannar Gunnlaugsson (ÍA) tók til máls. Hann tók undir orð Sigurðar og þótti leitt að heyra tal um klofning í umræðunni um breytingu á mótafyrirkomulagi. Heimir Fannar dró í efa að fjölgun liða úr 12 í 14 hefði mikil áhrif á dómgæslu, líkt og Haraldur gaf í skyn. Heimir Fannar ítrekaði að ÍA væri ekki á móti tillögu starfshópsins er snýr að úrslitakeppni eða skiptingu deildarinnar. Hann taldi hins vegar að það væri skortur á skýringum hvað keppni sex neðstu liðanna hefði í för með sér. Heimir sagðist ekki vera þeirra skoðunar að tillaga starfshópsins myndi skila sér í betri ungum leikmönnum fyrir íslensku landsliðin. Heimir vildi að gengið yrði til atkvæða.

Ásgrímur Helgi Einarsson (Fram) tók til máls. Hann vildi ekki draga þetta mál lengur og var ekki sammála þeim sem vildu fresta þessu enn frekar. Ásgrímur Helgi tók ekki undir þessi orð Haraldar er snúa að dómaramálum og taldi að dómarafráttir í næst efstu deild á Íslandi væru fullfærir um að stíga skrefið upp í efstu deild. Hann sagðist heldur ekki sjá það fyrir sér að leikir í neðri hluta deildarinnar, ef henni yrði tvískipt, yrðu meira spennandi fyrir lið sem endar t.a.m. í 7. sæti og hefði að engu að keppa. Ásgrímur sagðist sannfærður um að fjölgun í deildinni yrði til þess að bæta gæði efstu deildar.

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Hann sagðist ekki vera að tala niður til félaga líkt og einhverjir þingfulltrúar hefðu gefið í skyn. Viðar sagði að auðvitað þyrfti knattspyrnuhreyfingin að vera breiðfylking. Hann ítrekaði það sem hann sagði áður að Ísland væri fámennt land og að hans mati væri ekki markaður til að fjölga liðum í efstu deild.

Samúel Samúelsson (Vestri) tók til máls. Samúel sagði að Vestri styddi tillögu Fram og hvatti aðra til að gera slíkt hið sama.

Kristján Kristjánsson (Próttur R.) tók til máls. Kristján sagði að heppilegra hefði verið að láta fjárhagslega skiptingu fylgja með þessum tillögum og ekki síst núna þegar unnið væri að nýjum sjónvarpsréttarsamningum. Hann sagði að rök Viðars um að Ísland væri ekki nægilega fjölmennt til að fjölga liðum stæðust ekki rök og benti á að í Þýskalandi væru 18 lið í efstu deild og í Færeyjum væru 10 lið. Að lokum sagði Kristján að Próttur myndi styðja tillögu Fram, þingskjal 9.

Valgeir Sigurðsson (KSÍ) tók til máls. Valgeir velti fyrir sér hvort að þingfulltrúar hafi lesið tillögu starfshópsins. Hann sagði jafnframt að tillaga að þingskjali 9 myndi fjölga leikjum um 50 talsins. Það myndi fela í sér aukinn dómarakostnað upp á 12-15 milljónir og að dómarafráttir væru takmörkuð auðlind. Valgeir sagði að keppni liða í neðri hluta deildarinnar væri til þess fallin að fá fleiri jafna leiki og fjölga áhorfendum. Hann velti því fyrir sér hvort að 14 liða deild myndi fjölga jafnari leikjum og benti á að fleiri þjóðir hafi farið í að tvískipta deildinni líkt og tillaga starfshópsins gengur út á til að búa til fleiri jafnari leiki.

Guðni Bergsson (KSÍ) tók til máls. Guðni sagði áhugavert að hlusta á röksemdir ræðumanna og allir hefðu eitthvað til síns mals. Hann sagðist óttast þá umræðu að á þinginu væri að skapast gjá og klofningur á milli félaga og þótti það miður. Guðni sagði að aukinn meirihluti liða í efstu deild karla væri fylgjandi tillögu starfshópsins og það myndi skjóta skökku við að þau lið ættu að leika eftir fyrirkomulagi sem þau væru ekki fylgjandi. Guðni lagði til að skipuð yrði nefnd um breytingu á mótafyrirkomulagi og að þessu máli yrði vísað þangað. Í þeirri tilraun að ná frekari sátt um málið.

Ásgrímur Helgi Einarsson (Fram) tók til máls. Hann ítrekaði vilja Fram um að klára þetta mál á þessu þingi.

Viðar Halldórsson (FH) tók til máls. Hann tók undir orð Guðna og sagði mikilvægt að klára þetta mál í sem mestri sátt.

Heimir Fannar Gunnlaugsson (ÍA) tók til máls. Hann óskaði eftir að þingið fengi tækifæri til að kjósa um þetta mál í stað þess að vísa því til nefndar. Niðurstaða kosningar myndu gefa starfshópnum til kynna hver vilji hreyfingarinnar er.

Sigurður Garðarsson (Keflavík) tók til máls. Hann sagði að umræðan væri rekin áfram á tilfinningalegum rökum og að enn vantaði haldbær rök fyrir tillögu starfshópsins, t.d. fjárhagsleg rök. Þ.a.l. styddi Keflavík tillögu Fram um fjölgun liða. Það væri vondur siður að fresta til morguns því sem hægt væri að gera í dag.

Fleiri voru ekki á mælendaskrá og voru því tillögurnar bornar undir atkvæði.

Tillaga á þingskjali 9 var fyrst borin upp og hlaut 58,2% fylgi og er því felld (122 atkvæði, 71 með og 51 á móti)

Tillaga á þingskjali 8 var næst borin upp og hlaut 54,84% stuðnings og er því felld (124 atkvæði, 68 með, 56 á móti)

Þingskjal 12

Heimir Fannar Gunnlaugsson (ÍA) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar
– Skiptingar í 2. og 3. aldursflokki–

Grein 24, 25, 30 og 31 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2021 samþykki tillögu að breytingum á greinum 24, 25, 30 og 31 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstrikað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **grænmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

24.gr.
2. flokkur karla

Leikmannaskipti: Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að hverju liði er aðeins heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til leikmannaskipta í síðari hálfleik. Þegar um framlengingu er að ræða er hverju liði heimilt að nota eina leikstöðvun til viðbótar til leikmannaskipta en einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálfleik framlengingar til leikmannaskipta. ~~með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).~~

25.gr.
3. flokkur karla

Leikmannaskipti: Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að hverju liði er aðeins heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til leikmannaskipta í síðari hálfleik. Þegar um framlengingu er að ræða er hverju liði heimilt að nota eina leikstöðvun til viðbótar til leikmannaskipta en einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálfleik framlengingar til leikmannaskipta. ~~með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).~~

30.gr.
2. flokkur kvenna

Leikmannaskipti: Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að hverju liði er aðeins heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til leikmannaskipta í síðari hálfleik. Þegar um framlengingu er að ræða er hverju liði heimilt að nota eina leikstöðvun til viðbótar til leikmannaskipta en einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálfleik framlengingar til leikmannaskipta. ~~með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).~~

31.gr.
3. flokkur kvenna

Leikmannaskipti: Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að hverju liði er aðeins heimilt að nota að hámarki þrjár leikstöðvanir til leikmannaskipta í síðari hálfleik. Þegar um framlengingu er að ræða er hverju liði heimilt að nota eina leikstöðvun til viðbótar til leikmannaskipta en einnig má nýta hlé fyrir upphaf framlengingar og hálfleik framlengingar til leikmannaskipta. ~~með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).~~

Greinargerð

Með þessari breytingu getur þjálfari óskað eftir leikstöðvun til leikmannaskipta að hámarki þrisvar sinnum í venjulegum leiktíma í síðari hálfleik en til viðbótar getur hann nýtt leikhléið til leikmannaskipta jafnframt því að gera skiptingar í fyrri hálfleik. Á hvaða tímapunkti leiksins sem er getur þjálfari þannig ákvarðað hve margar skiptingar hann gerir, allt frá því að gera eina skiptingu upp i sjö í einu. Komi til framlengingar og hafi þjálfari ekki notað alla skráða varamenn getur hann óskað eftir einni leikstöðvun til skiptinga til viðbótar við þær leikstöðvanir sem hann nýtti ekki í síðari hálfleik. Auk þess getur hann nýtt til hlé milli leiks og framlengingar og stutta hléið sem er á milli hálfleikja í framlengingu. Þessi breyting gefur þjálfurum aukið svigrúm og getur gefið fleiri varamönnum möguleika á þátttöku.

Knattspyrnufélag ÍA

Tillaga á þingskjali 12 var samþykkt með 97 atkvæðum gegn 14.

Þingskjal 13

Ásgrímur Helgi Einarsson (Fram) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

– Leikbann vegna uppsafnaðra gulra spjalda og áfrýjun leikbanns–

Grein 9 og 17 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.**Tillagan hljóðar svona:**

Lagt er til að ársþing KSÍ 2021 samþykki tillögu að breytingum á greinum 9 og 17 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál með eftirfarandi hætti:

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og ~~yfirstríkað~~ en það sem lagt er til að bætist við lögin er **grænmerkt**. Tillagðar breytingar eru eftirfarandi:

9. gr.

Uppkvaðning úrskurða og gildistaka

- 9.2. Úrskurðir aga- og úrskurðarnefndar í kærumálum taka gildi við uppkvaðningu þeirra eða eins og nánar greinir í úrskurðarorði. Úrskurðir nefndarinnar í agamálum taka gildi kl. 12 á hádegi næsta **virka dag föstudag** frá birtingu þeirra nema um sjálfkrafa leikbann sé að ræða.

17. gr.

Áfrýjun til áfrýjunardómstóls KSÍ

- 17.2. Almennt verður úrskurðum nefndarinnar í agamálum ekki skotið til áfrýjunardómstóls KSÍ nema í eftirfarandi undantekningartilfellum:
- Úrskurði nefndarinnar um **tveggjaþriggja** leikja bann eða þyngri refsingu. Leikbanni sem leikmaður fær sjálfkrafa skv. 13. grein verður ekki áfrýjað. Fái leikmaður þyngri refsingu en sem nemur sjálfkrafa leikbanni þarf þynging refsingar að vera **einn leikur** ~~tveir leikir~~ eða meira til þess að máli verði áfrýjað. Einungis er heimilt að áfrýja þeim hluta refsingar sem lítur að hinni þyngdu refsingu í þessum tilvikum.
 - Úrskurði nefndarinnar um viðurlög og refsingar sem nema hærri fjárhæð en kr. 50.000,-.
 - Úrskurði nefndarinnar á grundvelli greinar 13.9.c).
 - Úrskurði nefndarinnar um heimaleikjabann á grundvelli 13.9.d).

Greinargerð

Leikmaður sem fær t.d. sitt fjórða gula spjald á sunnudegi og er úrskurðaður í eins leiks bann á þriðjudegi getur leikið í næstu umferð í deildinni á fimmtudegi og farið svo í leikbann í umferðinni þar á eftir. Það er ekki í anda leikbanna að leikmaður sem úrskurðaður hefur verið í bann geti leikið knattspyrnuleik eftir að hafa verið úrskurðaður í bann og áður en úrskurðuð refsing er tekin út. Á tímum tækni og upplýsingamiðlunar á ekki að þurfa marga daga fyrir félög að meðtaka úrskurð aga- og úrskurðarnefndar og því ætti leikbannið að taka gildi strax á hádegi daginn eftir að úrskurður hefur verið kveðinn upp.

Leikbönn umfram einn leik er þynging refsingar. Ef refsing leikmanns er þyngd og hann úrskurðaður í tveggja leikja bann hefur leikmaðurinn og/eða félag hans enga möguleika á að halda uppi vörnum ef svo ber undir. Það eru grundvallarréttindi hvers og eins að geta talað sínu máli og reynt að fá lagfæringu sinna mála ef viðkomandi telur sig hafa verið misrétti beittur. Talað hefur verið um að svona breyting muni leiða til fjölgunar mála fyrir áfrýjunardómstóli KSÍ og er það réttmæt ályktun. Hins vegar má sú staðreynd ekki verða til þess að félög og leikmenn hafi möguleika á að verja sig ef talið er að sá úrskurður sem leikmaðurinn hefur fengið á sig sé ekki sanngjarn eða réttur.

Knattspyrnudeild Fram

Gísli Gíslason (KSÍ) lagði fram breytingartillögu, þingskjal 13b.

Þingskjal 13b:

Lagt er til að tillögunni verði vísað til stjórnar KSÍ og að Laga- og leikreglanefnd taki tillöguna til umfjöllunar.

Ásgrímur Helgi Einarsson (Fram) tók til máls. Hann taldi ekki þörf á því að vísa breytingu á 9. grein til stjórnar. Samskiptatækni dagsins í dag byði upp á fljótari afgreiðslu leikbanna. En var sammála því að vísa breytingu á 17. grein til stjórnar.

Gísli Gíslason (KSÍ) tók til máls. Hann sagði að taka mætti undir það sjónarmið að gildistaka leikbanna ætti að taka skemmri tíma og í kjölfarið á ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar. Það þyrfti eftir sem áður að skoða það hvernig formlegri tilkynningu yrði komið skilmerkilega til félaga.

Tillaga á þingskjali 13b var samþykkt með 62 atkvæðum gegn 38 og var því tillögunni vísað til stjórnar.

Þingskjal 14

Guðni Bergsson (formaður KSÍ) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

– Fyrirkomulag deilda í mfl. karla og kvenna og ný bikarkeppni félaga í neðri deildum –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2021 samþykki að stjórn KSÍ skipi starfshóp/starfshópa um fyrirkomulag á deildakeppnum í Pepsi Max deild kvenna, 1. deild karla, 1. deild kvenna, 2. deild karla, 2. deild kvenna, 3. deild karla og 4. deild karla. Starfshópur/starfshópar verði skipaðir og taki til starfa að loknu ársþingi 2021. Þeim verði gert að rýna í núverandi fyrirkomulag á deildakeppnum framangreindra deilda og jafnframt kanna mögulegar útfærslur á breyttu keppnisfyrirkomulagi viðkomandi deilda. Markmið starfshóps/starfshópa verði að skoða þau tækifæri sem eru til framþróunar á knattspyrnu í hverri deild fyrir sig m.t.t. deildarfyrirkomulags/umspils. Þá verði skipaður sérstakur starfshópur til að skoða nýja bikarkeppni félaga í neðri deildum karla og kvenna.

Starfshópi/starfshópum verði gert að skila af sér fyrstu niðurstöðum haustið 2021. Í framhaldinu, og til að auka gagnsæi á störfum starfshóps/starfshópa, verði boðað til deildarfunda með aðildarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum í hverri deild fyrir sig eftir að fyrstu niðurstöður liggja fyrir. Stefnt skuli að því að endanlegar niðurstöður liggja fyrir á fundi formanna og framkvæmdastjóra að loknu keppnistímabili 2021.

Sé til staðar breið sátt um breytingu á fyrirkomulagi einstakra deilda og um nýja bikarkeppni neðri deilda að loknum fundi formanna- og framkvæmdastjóra félaga getur stjórn KSÍ lagt til breytingar í þá veru á ársþingi KSÍ 2022 með það fyrir augum nýtt fyrirkomulag taki gildi árið 2022 og/eða 2023.

Stjórn KSÍ

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillaga á þingskjali 14 var samþykkt með 102 atkvæðum gegn 3.

Þingskjal 15

Heimir Fannar Gunnlaugsson (ÍA) hafði framsögu.

Tillaga til ályktunar

– Þróunarsjóður –

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2021 samþykki að stofna þróunarsjóð til þess að styðja aðildarfélög sambandsins í kaupum á tækjum og tækni til þess að auka gæði afreksþjálfunar. Úthlutun úr sjóðnum verði á hverju ári skv. reglugerð sem stjórn KSÍ setur og sjóðurinn verði fjármagnaður með HatTrick framlagi UEFA eins og mannvirkjasjóður KSÍ. Það verði hins vegar skilyrði að greiðslur úr sjóðnum fari milliliðalaust til birgja (söluaðila/þjónustuaðila) til þess að tryggja viðeigandi nýtingu styrktarfjárins.

Greinargerð

Átak hefur verið gert í uppbyggingu mannvirkja og þjálfaramenntun en til þess að auka gæði þjálfunar þarf að bæta umgjörð með ýmis konar mælingum og þjálfunartækjum/tækni. Forgangsraða þarf í fyrstu m.t.t. efstu deilda sem síðan má útvíkka í tímans rás. Mannvirkjasjóður hefur skilað miklum árangri en sem hluti af þróun og eflingu íslenskrar knattspyrnu er eins konar þróunarsjóður rökrétt framhald. Æskilegt væri að sjóðurinn hefði til ráðstöfunar a.m.k. 20 milljónum króna á ári.

Knattspyrnufélag ÍA

Gísli Gíslason (KSÍ) lagði fram breytingatillögu, þingskjal 15b.

Þingskjal 15b:

Ársþing KSÍ telur að þróunarsjóður til kaupa á tækjum og tækni til að auka gæði afreksþjálfunar sé áhugavert skref, sem útfæra þurfi og leggja fullbúna tillögu fyrir ársþing. Fjármunir UEFA með Hat trick framlagi renna nú til Mannvirkjasjóðs og ákveðinna rekstrarliða, sem samhliða stofnun þróunarsjóðs þyrfti að endurskoða samhliða tillögu um þróunarsjóð. Lagt er til að tillögunni verði vísað til stjórnar KSÍ.

Heimir Fannar Gunnlaugsson (ÍA) tók til máls. Heimir var sammála því að vísa málinu til umfjöllunar í stjórn KSÍ.

Tillaga á þingskjali 15b var samþykkt með 89 atkvæðum gegn 4 og var því tillögunni vísað til stjórnar.

Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.

Engin slík mál höfðu borist

Önnur mál.

Enginn kvað sér hljóðs undir liðnum önnur mál.

Kosningar

Álit kjörnefndar flutti Steinn Halldórsson formaður.

Í kjörnefnd eru:

Steinn Halldórsson, formaður
Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir
Magnús Guðmundsson

Kosning formanns KSÍ til tveggja ára:

Eftirfarandi framboð bárust:
Guðni Bergsson

Frekari framboð bárust ekki og er Guðni Bergsson því sjálfkjörinn formaður KSÍ til tveggja ára.

Kosning til stjórnar til tveggja ára:

Eftirtaldir fjórir aðilar gáfu kost á sér í aðalstjórn:
Ásgeir Ásgeirsson
Borghildur Sigurðardóttir
Magnús Gylfason
Þorsteinn Gunnarsson

Fleiri framboð bárust ekki og voru þau því sjálfkjörin.

Kosning varamanna til stjórnar til eins árs

Eftirtaldir þrír aðilar gáfu kost á sér í varastjórn:
Guðjón Bjarni Hálfðánarson
Jóhann K. Torfason
Þóroddur Hjaltalín

Fleiri framboð bárust ekki og voru þeir því sjálfkjörnir.

Kosning fulltrúa á íþróttapeing ÍSÍ

Tillaga kjörnefndar um að vísa skipun fulltrúa á íþróttapeing ÍSÍ til stjórnar KSÍ var samþykkt.

Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis

Kjörnefnd gerði tillögu um Birnu Maríu Sigurðardóttur (Deloitte) og var hún sjálfkjörin.

Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ til tveggja ára:

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörin:
Gunnar Guðmundsson, formaður
Björg Ásta Þórðardóttir, varaformaður
Helgi R. Magnússon, varaformaður
Ásta Björk Eiríksdóttir
Erna Birgisdóttir
Gunnar Sverrir Gunnarsson
Sigrún Óttarsdóttir
Þröstur Ríkharðsson

Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörin:

Aðalmenn:

Sigurðar G. Guðjónsson, formaður

Feldís Lilja Óskarsdóttir

Jóhannes Albert Sævarsson

Varamenn:

Eva B. Helgadóttir

Hörður Felix Harðarson

Halldór Brynjar Halldórsson

Lúðvík Örn Steinarsson

Steinar Þór Guðgeirsson

Kjörnefnd

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þau sjálfkjörin:

Steinn Halldórsson, formaður

Ingibjörg Auður Guðmundsdóttir

Magnús Guðmundsson

Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF í stjórn KSÍ til tveggja ára

Orri Hlöðversson var kosinn formaður ÍTF 18. febrúar síðastliðinn og leggur kjörnefnd til að ársþing KSÍ staðfesti setu hans í stjórn KSÍ til tveggja ára.

Kosning fulltrúa í siðanefnd KSÍ til tveggja ára

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda sem voru sjálfkjörin:

Aðalmenn:

Halldór Frímansson, formaður

Kristrún Heimisdóttir

Ómar Bragi Stefánsson

Varamenn:

Hanna S. Sigurðardóttir

Júlíus Bessason

Rósa Júlía Steinþórsdóttir

Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.**Þingslit**

Kristrún Heimisdóttir, 2. þingforseti, þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og starfsmönnum fyrir þeirra störf. Hún fól að því loknu Guðna Bergssyni formanni að slíta þinginu. Guðni þakkaði fulltrúum fyrir gott þing. Tekist hefði verið á um einstök mál, en sagðist sannfærður að hreyfingunni tækist að leysa úr ágreiningsefnum. Hann þakkaði Haraldi Haraldssyni setu í stjórn KSÍ síðustu tvö ár sem formaður ÍTF. Að því búnu sleit Guðni Bergsson 75. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands.


Guðmundur H. Pétursson
1. þingforseti



Kristrún Heimisdóttir
2. þingforseti



Ágúst Ingi Jónsson
1. þingritari



Dagur Sveinn Dagbjartsson
2. þingritari

